

## Svar

atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um stærstu eigendur Íslandsbanka og Arion banka.

1. *Hverjir eru 50 stærstu kröfuhafar Glitnis og Kaupþings og þar með 50 stærstu eigendur Íslandsbanka og Arion banka miðað við nýjustu stöðu?*

Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, getur alþingismaður óskað upplýsinga eða svars frá ráðherra um opinbert málefni. Í 3. mgr. 49. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, segir: „Með opinberu málefni er átt við sérhvert málefni er tengist hlutverki og starfsemi ríkisins og stofnana þess, svo og félaga og annarra lögaðila sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins og annast stjórnslu eða veita almenningi opinbera þjónustu á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings.“

Fyrir liggur að þrotabú Glitnis og Kaupþings eru ekki ríkisstofnanir eða félög sem annast stjórnslu eða veita opinbera þjónustu. Slitastjórnir starfa samkvæmt lögum, eru skipaðar af dómstólum og starfa í þágu og á ábyrgð kröfuhafa, auk þess að sæta tilteknu eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Með vísan til 3. mgr. 49. gr. þingskapalaga er, að mati ráðuneytisins, ljóst að þær upplýsingar sem um er beðið eru ekki „opinbert málefni“ á sviði ráðuneytisins. Ráðuneytið er því ekki í aðstöðu til að krefjast þess að slitastjórnir Glitnis og Kaupþings veiti þær upplýsingar sem óskað er eftir.

Hins vegar býr ráðuneytið yfir upplýsingum um nöfn og þjóðerni þeirra sem eiga 1% eða hærra hlutfall krafna í þrotabú Glitnis og Kaupþings eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu og að beiðni þess hafa slitastjórnirnar veitt samþykki sitt fyrir því að þær upplýsingar séu birtar opinberlega. Töflurnar eru í viðauka.

2. *Liggur fyrir mat á hæfi þessara hluthafa til þess að fara með ráðandi hlut í bönkunum tveimur?*

Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit á rekstri fjármálafyrirtækis sem stýrt er af slitastjórn, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hafi starfsleyfi eða starfsleyfi hafi verið afturkallað.

Jafnframt segir í sama ákvæði að dótturfélög fjármálafyrirtækis í slitameðferð sem heldur utan um eignir þess skuli jafnframt heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Kaupskil ehf. og ISB Holding ehf. falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari skilgreiningu. Innan framangreinds eftirlits fellur einnig eftirlit með meðferð virks eignarhlutar gömlu bankanna í nýju bönkunum þremur, þ.e. Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankanum.

### **Arion banki hf.**

Arion banki hf. var stofnaður á grunni neyðarlaganna í október 2008 til þess að halda utan um innlendar innstæður og meiri hluta íslenskra eigna forvera síns, Kaupþings hf. Bankinn var stofnaður af íslenska ríkinu sem lagði fram það lágmarksframlag er til þurfti til að stofna fjármálafyrirtæki. Stóð svo fram í nóvembermánuð árið 2009 er íslenska ríkið komst að samkomulagi við kröfuhafa Kaupþings hf. um að þeir fjármögnuðu 87% eignarhlut í bankanum.

Bankasýsla ríkisins fer með 13% eignarhlut íslenska ríkisins. Bankasýsla ríkisins starfar á grundvelli laga nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins.

Kaupskil ehf. heldur utan um eignarhaldshlut þrotabús Kaupþings hf. í Arion banka hf. þar sem Fjármálaeftirlitið taldi Kaupþing hf., sem var á þeim tíma í greiðslustöðvun og slitameðferð, ekki hæft til þess að fara með virkan eignarhlut í Arion banka hf. Kaupskil ehf. lýtur stjórn sem er að meiri hluta skipuð stjórnarmönnum óháðum Kaupþingi hf., kröfuhöfum eða Arion banka sjálfum. Kaupþing hf. tilnefnir einn stjórnarmann í stjórn Kaupskila hf. og um hæfi stjórnarmanna fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Aðrir stjórnarmenn mega hvorki starfa í umboði einstakra eigenda eða kröfuhafa og mega ekki vera bundnir þeim eða bankanum sjálfum nokkrum hagsmunatengslum. Í sérstökum umboðssamningi milli Kaupskila og Kaupþings tekst Kaupþing á hendur að virða sjálfstæði stjórnar Kaupskila og skyldur félagsins til að stuðla að heilbrigðum og traustum rekstri Arion banka án utanaðkomandi íhlutunar. Hvorki Kaupþing hf. né kröfuhafar Kaupþings fara því með stjórn á málefnum Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið hefur bæði metið Bankasýslu ríkisins og Kaupskil ehf. hæf til þess að fara með hluti sína í Arion banka hf.

### **Íslandsbanki hf.**

Íslandsbanki hf. var stofnaður í kjölfar neyðarlaganna hinn 8. október 2008 til þess að halda utan um innlendar innstæður og meiri hluta íslenskra eigna forvera síns Glitnis banka hf. Íslandsbanki hf. var stofnaður af íslenska ríkinu sem lagði fram það lágmarksframlag sem til þurfti til að stofna fjármálafyrirtæki. Stóð svo fram í októbermánuð árið 2009 er ríkið komst að samkomulagi við kröfuhafa Glitnis banka hf. um að þeir fjármögnuðu 95% eignarhlut í bankanum. Eftir samkomulagið heldur Bankasýsla ríkisins 5% eignarhlut í bankanum fyrir hönd íslenska ríkisins.

ISB Holding ehf. heldur utan um eignarhaldshlut Glitnis hf. í Íslandsbanka hf. þar sem Fjármálaeftirlitið taldi Glitni hf., sem var á þeim tíma í greiðslustöðvun og slitameðferð, ekki hæft til þess að fara með virkan eignarhlut í Íslandsbanka hf.

ISB Holding ehf. lýtur stjórn sem er að meiri hluta skipuð stjórnarmönnum óháðum Glitni banka hf., kröfuhöfum eða Íslandsbanka sjálfum. Glitnir hf. tilnefnir einn stjórnarmann í stjórn ISB Holding hf. og um hæfi stjórnarmanna fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Aðrir stjórnarmenn mega hvorki starfa í umboði einstakra eigenda eða kröfuhafa og mega ekki vera bundnir þeim eða bankanum sjálfum nokkrum hagsmunatengslum. Í sérstökum umboðssamning milli ISB Holding og Glitnis tekst Glitnir á hendur að virða sjálfstæði stjórnar ISB Holding og skyldur félagsins til að stuðla að heilbrigðum og traustum rekstri Íslandsbanka án utanaðkomandi íhlutunar. Hvorki Glitnir hf. né kröfuhafar Glitnis fara því með stjórn á málefnum Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlitið hefur bæði metið Bankasýslu ríkisins og ISB Holding ehf. hæf til þess að fara með hluti sína í Íslandsbanka hf.

Viðauki.

**Nöfn og þjóðerni þeirra sem eiga 1% eða hærra hlutfall krafna í þrotabú Glitnis.**

<b>Nafn</b>	<b>Land</b>	<b>Hlutfall</b>
Burlington Loan Management Limited	Bretland (GB)	8,46%
Landsbanki Íslands hf.	Ísland	4,95%
CCP Credit Acquisition Holdings Luxco, S.A.R.L.	Bandaríkin (US)	4,61%
The Royal Bank of Scotland PLC	Bretland (GB)	4,23%
Silver Point Luxemburg Platform Sarl	Bandaríkin (US)	4,14%
Deka Bank Deutsche Girozentrale	Þýskaland (DE)	3,61%
Owl Creek Investments I, LLC	Bandaríkin (US)	3,08%
Deutsche Bank AG, London Branch	Bretland (GB)	2,92%
SPB hf. (áður Sparisjóðabanki Íslands hf.)	Ísland	2,84%
ACMO S.a.r.l.	Bandaríkin (US)	2,79%
Barclays Bank PLC	Bretland (GB)	2,70%
Max Participations II S.a.r.l.	Lúxemborg (LU)	2,66%
Kaupþing banki hf.	Ísland	2,03%
Perry Luxco S.A.R.L.	Lúxemborg (LU)	1,98%
Leonardo L.P.	Bandaríkin (US)	1,84%
Botticelli, L.L.C.	Bandaríkin (US)	1,69%
Thingvellir S.a.r.l.	Bretland (GB)	1,67%
Morgan Stanley Bank International Limited	Bretland (GB)	1,65%
CSCP Credit Acquisition Holdings Luxco, S.A.R.L.	Bandaríkin (US)	1,60%
Credit Agricole Vita S.p.A.	Ítalía (IT)	1,57%
Serengeti Manyara Cooperatief U.A.	Bandaríkin (US)	1,56%
TCA Opportunity Investment S.A.R.L.	Bandaríkin (US)	1,52%
Goldman Sachs Lending Partners LLC	Bretland (GB)	1,21%
Gardur Partners S.A.R.L.	Lúxemborg (LU)	1,14%

Byggt á kröfubók þann 26. nóvember 2012.  
 Næðangeirind efnis byggt á kröfubók Kaupþings miðað við 26. nóvember 2012. Hællarfeildi kröfuhafa með samþykkað almennar kröfur voru 13.412. Milln og  
 þjóðerni kröfuhafa sem eiga 1% eða hærra hlutfall kröfnu er sýnt hér að neðan.

Kröfuhafi	Þjóðerni	Samþykkað almennar kröfur***	% of samþykkað almennum kröfum	Þátt af fjárhæð samþykkað	Þátt af samþykkaðri fjárhæð fjárhæð	Þátt af kröfum undir 100% kröfur í fjárhæð	Hællar almennar almennar kröfur	Hællar úttæðandi almennar kröfur	% af hællar úttæðandi almennum kröfum
York Global Finance Offshore SPV (Luxembourg) S.a.r.l.	LUXEMBOURG	198.303	7,13%	182.855	-	15.448	10.737	198.303	6,36%
Deutsche Bank AG, London	GERMANY	153.000	5,50%	147.828	1.061	4.669	-	153.737	5,25%
Sjóðabanki Íslands	ICELAND	137.209	4,96%	137.209	-	-	-	137.209	4,40%
ACP Intermediate Acquisition S.a.r.l.	LUXEMBOURG	113.148	4,29%	119.148	-	-	-	119.148	3,83%
Burlington Loan Management Ltd.	IRELAND	108.969	3,92%	99.485	34.448	15.669	-	108.969	3,45%
ACMO S.a.r.l.	LUXEMBOURG	98.554	3,59%	57.428	35.554	5.621	35.373	93.110	3,15%
Kaupþing Singer & Friedlander Ltd. (in Administration)	UNITED KINGDOM	57.737	2,08%	57.737	-	13.659	-	92.270	2,95%
Hilcrest Investors Ltd.	IRELAND	92.270	3,32%	78.611	-	-	88.508	86.508	2,84%
Kaupþing Singer & Friedlander Isle of Man Ltd.	UNITED KINGDOM	-	0,00%	-	86.529	-	-	86.529	2,77%
BNVP S.a.r.l.	LUXEMBOURG	86.529	3,11%	-	-	-	-	73.804	2,37%
Bayrische Landesbank	GERMANY	73.804	2,69%	71.100	4.647	2.614	-	73.804	2,37%
Arrowgrass Investments S.a.r.l.	LUXEMBOURG	56.059	2,02%	51.412	-	500	-	56.059	1,80%
Barclay Bank Plc.	UNITED KINGDOM	48.716	1,79%	49.156	-	-	-	49.716	1,53%
Perry Luxco S.a.r.l.	LUXEMBOURG	47.115	1,70%	47.115	-	-	-	47.115	1,49%
Thineville S.a.r.l.	LUXEMBOURG	46.611	1,68%	16.665	29.946	-	-	46.611	1,45%
D'ohm hf.	ICELAND	10.645	0,38%	10.645	-	-	30.293	40.937	1,31%
Peter Hehenbergs Coöperatief U.A.	NETHERLANDS	40.252	1,45%	14.140	-	26.113	-	40.252	1,29%
Sjóðabanki Íslands hf.	ICELAND	39.299	1,41%	39.299	-	88	29.979	38.450	1,25%
Credit Suisse International AG	UNITED KINGDOM	8.472	0,30%	8.472	-	-	-	36.518	1,17%
Landbankinn hf.	ICELAND	36.518	1,31%	36.518	-	-	-	36.518	1,17%
Goldman Sachs International	UNITED KINGDOM	33.523	1,21%	18.813	-	14.710	32.594	33.523	1,08%
Kaupþing Capital Partners II LP	UNITED KINGDOM	33.523	1,21%	33.523	-	-	-	33.523	1,08%
TCA Opportunity Investments S.a.r.l.	LUXEMBOURG	31.091	1,11%	25.338	5.652	-	-	31.091	1,00%
CCP Credit Acquisition Holdings Luxco S.a.r.l.	LUXEMBOURG	30.915	1,11%	24.627	-	6.408	-	30.915	0,99%
K5AC Europe Investments S.a.r.l.	LUXEMBOURG	28.910	1,06%	28.910	-	-	-	28.910	0,93%

\*\*\*Þann 12. október 2011 staðfesti Háskólinn Íslands innvið nr. 398/2011 ákveðin silasáttamerki Kaupþings hf. að hafa öllum kröfum háskólans á "beneficial holders" skuldbæra sem gefin voru út undir US\$ MTN 166A skuldbæringum Kaupþings hf. samkvæmt staðfestri ákveðna silasáttamerki Kaupþings hf. að viðkomandi kröfur sam Deutsche Bank Trust Company Americas (DBTCA) í Vestri sem "Trustee" fyrir hánd háskólans á samkvæmt skuldbæringum Kaupþings hf. Kröfur DBTCA uppi 578 milljónum króna voru því samþykkaðar. (Í deilum hér að ofan er hótt fjárhæð DBTCA og eigendur háskólans sýndi.)  
 Þrjárvarnarkröfur Kaupþings eiga við tölföldu hafa að ofan. Silasáttamerki frá að lokum er ekki endanlegur og hann getur tekið þringingum bæði vegna afgreiddur silasáttamerki á kröfum, útrásar afgreiðingum bæði innan og utan dómstóla sem og vegna mögulegra viðskipta með kröfum Kaupþings.